

<b>Ríkisaðili</b>	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	<b>Ráðuneyti</b>	<b>Mennta og menningarmálaráðuneyti</b>												
<b>Ábyrgðaraðili</b>	<i>Guðríður Eldey Arnardóttir, skólameistari</i>														
<b>A</b>	<b>Kjarnastarfsemi</b>														
	<p>Skólinn er framhaldsskóli sem kennir samkvæmt áfangakerfi og býður upp á kennslu til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, kennslu á iðn- og verknámsbrautum á matvælasviði og kennslu í leiðsögn um Ísland í kvöldnámi.</p> <p>Fjöldi nemenda við skólann við upphaf haustannar 2022 voru 912, þar af 174 nemendur í námi í matvælagreinum og 30 nemendur í meistaranámi matvælagreina. Í leiðsögunám voru innritaðir 59 nemendur.</p> <p>Nemendur í almennu bóknámi voru 577 á haustönn 2022 og skiptust nemendur á félagsgreinabraut, viðskiptabraut, raungreinabraut og opna braut. Nemendur í matvælagreinum skiptast með eftirfarandi hætti:</p> <table border="1"><tr><td>BAKARAÐN</td><td>16</td></tr><tr><td>FRAMREIÐSLA</td><td>13</td></tr><tr><td>Grunnnám matvæla- og ferðagreina</td><td>57</td></tr><tr><td>KJÖTIÐN</td><td>2</td></tr><tr><td>MATARTÆKNABRAUT/MATSVEINAR</td><td>0</td></tr><tr><td>MATREIÐSLA</td><td>60</td></tr></table> <p>Á framhaldsskólabrú, sem er ætluð fyrir nemendur sem hafa ekki náð fullnægjandi árangri í grunnskóla, eru nú 46 nemendur.</p> <p>Séráherslur skólans: Skólinn er kjarnaskóli í matvælagreinum og leiðsögunámi og þá hefur skólinn lagt sérstaka áherslu á upplýsingatækni í öllu skólastarfi þar sem notað er Moodle kennslukerfi. Haustið 2021 tóku gildi uppfærðar námsbrautir í bóknámi þar sem sérstök áhersla er lögð á umhverfismál, jafnréttismál, lýðheilsu og fjármálalæsi. Allar þessar greinar eru nú skylda til stúdentsprófs. Skólinn hefur alla tíð lagt áherslu á jafnréttis og umhverfismál og</p>			BAKARAÐN	16	FRAMREIÐSLA	13	Grunnnám matvæla- og ferðagreina	57	KJÖTIÐN	2	MATARTÆKNABRAUT/MATSVEINAR	0	MATREIÐSLA	60
BAKARAÐN	16														
FRAMREIÐSLA	13														
Grunnnám matvæla- og ferðagreina	57														
KJÖTIÐN	2														
MATARTÆKNABRAUT/MATSVEINAR	0														
MATREIÐSLA	60														

er vika á haustönn tileinkuð umhverfismálum og vika á vorönn er tileinkuð jafnréttismálum. Nýtt mötuneyti í skólanum var tekið í gagnið haustið 2021 þar sem nemendur greiða fyrir mat eftir vigt og hefur með tilkomu þessa nýja fyrirkomulags stórlega dregið úr matarsóun. Mötuneytið annar mun fleiri viðskiptavinum en áður þar sem nemendur afgreiða sig sjálfir að öllu leyti.

Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi er á heimasíðu skólans [www.mk.is](http://www.mk.is) og hafa allar námsbrautir skólans nema leiðsöguskólans hlotið staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis. Námsbraut í leiðsögunámi er í endurskoðun og stefnt að innritun skv. nýrri námskrá haustið 2023.

Áhrif á kjarnastarfsemi og stefnu skólans:

**Innri breytingar;** Ný námskrá í bóknámi tók gildi haustið 2021. Nýrri námskrá er ætlað að falla betur að styttri námstíma til stúdentsprófs og áherslum skólans í jafnréttis-, lýðheilsu- og umhverfismálum. Skólinn fékk jafnlaunavottun vorið 2019 og unnið er samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO 9001:2015. Unnið er samkvæmt nýjum lögum um persónuvernd og eru verkferlar og vinnubrögð því tengdu sífellt til endurskoðunar. Við skólann starfar jafnréttisfulltrúi enda lögð mikil áhersla á málaflokkinn í öllu starfi skólans.

**Ytri breytingar:** Nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað í Kópavogi og sækja þau í auknum mæli nám sitt í skólann. Skólinn hefur sett sér fjölmenningsstefnu og móttökuáætlun vegna nemenda í bóknámi. Töluvert er um að nemendur sækji um nám í matvælagreinum sem tala litla eða enga íslensku og jafnvel ekki ensku.

**Markmið stjórnvalda:** Menntastefna stjórnvalda birtist annars vegar í lögum og hins vegar í aðalnámskrá. Í fjármálastefnu ríkisins er meginmarkmið málefnasviðs framhaldsskóla að nemendur verði virkir og ábyrgir borgarar í lýðræðisþjóðfélagi að loknu námi á framhaldsskólastigi. Þeir verði einnig vel undirbúnir undir fræðilegt og starfstengt háskólanám eða til þátttöku í atvinnulífinu.

Með fjölbreyttu námsframboði í bók- og verknámi fyrir breiðan hóp nemenda styður Menntaskólinn í Kópavogi við markmið stjórnvalda og heimsmarkmiðið um „skóla fyrir alla“. Með áherslu á nám í leiðsögn um Ísland leggur skólinn sitt af mörkum við uppbyggingu og framþróun náms í þeirri atvinnugrein sem mestur vöxtur hefur verið í sl. áratug að ógleymdum matvælagreinunum sem eru beintengdar atvinnulífi og ferðamennsku á Íslandi.

Skólinn hefur um tveggja áratuga skeið starfrækt starfsbraut fyrir einhverfa nemendur sem hefur haft góð áhrif á skólabrag og aukið ábyrgð og víðsýni nemenda sem er mikilvægur undirbúningur fyrir þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Nemendur á starfsbraut skólans eru nú 26 og hefur fjölgað verulega síðustu misseri. Húsnæði starfsbrautar er algjörlega sprungið og afar brýnt að stækka við skólann til að mæta þörfum þessa hóps nemenda. Vegna vandræða við að finna skólavist fyrir þennan hóp nemenda voru innritaðir mun fleiri nemendur á haustönn 2021 en skólinn í raun rúmar. Það verður því að

<p>líta á fyrirkomulag kennslu starfsbrautar eins og það er í dag sem tímabundna ráðstöfun og eigi nemendafjöldi skólans á starfsbraut að verða áfram þessi, verður að koma til varanlegar lausnir í húsnæðismálum skólans.</p> <p>Aðsókn ungmenna á Afreksíþróttabraut skólans hefur aukist verulega við skólann en styrkur brautarinnar er meðal annars vegna samstarfs við þrjú stærstu íþróttafélög Kópavogs, Breiðablik, Gerplu og HK. Það vantar tilfinnanlega íþróttahús við skólann svo unnt verði að sinna íþróttakennslu við skólann með viðeigandi hætti sem er lögbundin á grundvelli aðalnámskrár framhaldsskóla.</p>							
<b>Markmið, mælikvarðar og aðgerðir</b>							
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
<b>A1</b>	Að efla jafnréttis- og kynfræðslu og ofbeldisvarnir		Viðhorf	Könnun á lífsviðhorfum og kynhlutverkum nemenda	Niðurstöður könnunar vorið 2021 sýndu vanþekkingu, fordóma og íhaldssöm viðhorf	Könnun meðal nemenda á 2. ári. Sýni marktæka viðhorfsbreytingu og bætta skólamenningu	Bætt skólamenning og aukin jafnréttishugsun.
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>							
<i>Efla jafnréttis- og kynjafræðslu og ofbeldisforvarnir.</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A1.1	Könnun að hausti 2022 og aftur að vori 2023 meðal nemenda á 2. ári.					2021	2023

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2023-2025

A1.2	Kynjafræði verði skylduáfangi við skólann frá hausti 2021					2021	-
A1.3	Ráðning jafnréttisfulltrúa					2020	-
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
A2	Fjölga nemendum í kjötið			Innritaðir nemendur	2 nemendur	6 nemendur	12 nemendur
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A2.1	Aðlaga námskrá að lotubundnu dreifnámsformi					2023	2025
A2.2	Þjóða upp á dreifnám					2023	2025
A2.3	Setja upp styttri afmarkaðar lotur í skólahluta námsins					2023	2025
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
A3	Fjölga nemendum í framreiðslu			Innritaðir nemendur	13 skráðir nemendur	20	40
Tengist markmiði málaflokks							

*Inntak markmiðs (sbr. gildandi fjármálaáætlun)*

Nr.	Verkefni/aðgerðir		Upphaf	Endir
A3.1	Endurskoðun námskrár fyrir haust 2023		2023	2025
A3.2	Kynning á náminu meðal starfsfólks veitingahúsa		2023	2025
A3.3	Bjóða upp á lotubundið dreifnám í greininni		2023	2025

B	Rekstrarþættir
	<p><b>Mannauður:</b> Við skólann starfa 102 starfsmenn, þar af 79 kennarar. Af þessum 79 kennurum eru 19 karlar og 60 konur. Allir ráðnir kennarar við skólann hafa full kennsluréttindi nema einn sem lýkur námi vorið 2023. Þar kennar þeir flestir verkgreinar en af 10 kennurum í iðnnámi er einungis ein kona. Í kennarahópnum eru 16 kennarar 60 ára og eldri. Við skólann er nokkur fjöldi stundakennara sem kenna í leiðsögunámi sem kennt er á kvöldin og eru utan við þær tölur sem hér eru gefnar sem eiga aðeins við dagskóla. Allir hafa þeir kennsluréttindi nema einn. Kynjahlutfall þarf að batna í hópi starfsfólks.</p> <p><b>Stjórnun:</b> Stjórnunarteymi skólans samanstendur af skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, náms- og skrifstofustjóra og framkvæmdastjóra Hótel- og matvæskólans. Með stjórnendum starfa, fjármálastjóri, kennslustjóri og gæðastjóri. 6 stöðum. Með innleiðingu rafrænnar ferilbókar breyttist verkaskipting í stjórnendateymi. Nýtt skipurit tók gildi haustioð 2022 þar sem verkaskipting stjórnenda er skilgreind ítarlega, stjórnun er dreifstýrð og mannaforráð skiptast á milli stjórnendateymis. Framkvæmdastjóri hótél- og matvæskólans veitir verknámshluta skólans forstöðu, heldur utan um rafræna ferilbók og öll samskipti við atvinnulífið.</p> <p>Kynjaskipting yfirstjórnar eru 5 konur í 5 stöðugildum og 1 karl í 1 stöðugildi. Þá sinna tveir einstaklingar fagstjórn, annars vegar Leiðsöguskólans og hins vegar Afreksíþróttasviðs.</p> <p><b>Þjónusta:</b> Við skólann starfa 2 námsráðgjafar í 2 stöðugildum, 2 konur. Námsráðgjafar ásamt aðstoðarskólameistara, námsstjóra og áfangastjóra mynda nemendaverndarráð sem fundar vikulega um stöðu nema sem þurfa sérstakan stuðning í skólastarfinu.</p> <p>Við skólann starfar félagslífsfulltrúi, jafnréttisfulltrúi, umhverfisfulltrúi og forvarnarfulltrúi. Það eru allt kennarar sem sinna þessum hlutverkum samhliða kennslu.</p> <p><b>Stefnur skólans:</b> Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við markmið og áherslur í skólastarfinu þær eru stefna MK, hlutverk og leiðarljós, alþjóðastefna, forvarnarstefna, fjölmeningarstefna, gæðastefna, heilsustefna, jafnréttisstefna, menntastefna, starfsmannastefna, umhverfisstefna, upplýsingatæknistefna, vinnuverndarstefna, innkaupastefna og eineltis- og áreitnistefna. Starfsfólk hefur sett sér samskiptasáttmála og unnið er að endurskoðun á gildum skólans. Unnið er að mótun loftlagsstefnu, samgöngusáttmála og stefnt að því að annað græna skrefið verði stigið vorið 2023 og það fjórða vorið 2024.</p> <p><b>Innra mat skólans:</b> Ramminn að öllu gæðastarfi er settur af tveimur vottuðum gæðakerfum sem eru í stöðugri endurskoðun í samræmi við lifandi skólastarf í MK. Annars vegar ISO 9001:2015 fyrir allan almennan rekstur skólans og hins vegar HACCP í umhverfi matvælagreina. ISO 9001 kerfið var fyrst vottað árið</p>

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2023-2025

	<p>2009 og hefur síðan verið tekið út og vottað á 6 mánaða fresti af Vottun hf., síðast í apríl 2020. HACCP kerfið hefur verið starfrækt sem vottað gæðakerfi í matvælaeildum MK síðan árið 2002. Á heimasíðu skólans má finna Sjálfsmatsskýrslur Menntaskólans í Kópavogi fyrir hvert ár fyrir sig.</p> <p><b>Ytra mat skólans:</b> Skólinn var síðast í ytra mati á vorönn 2017 og fengu stjórnendur skólans skýrslu þar um 16. ágúst 2017. Skólinn sendi ráðuneyti umbótaáætlun í 18 liðum 7. nóvember 2017 og hefur nú verið tekið tillit til allra athugasemda og viðeigandi lagfæringar átt sér stað. Ytra mat fer næst fram vorið 2023.</p>					
<b>Markmið, mælikvarðar og aðgerðir</b>						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B1	<b>Betri og hagkvæmari nýting hráefnis</b>	Háefniskostnaður	Kostnaður vegna hrávörukaupa		Grunnstaða 100	Lækkun hráefniskaupa um 5%
		Nýting á skilgreinum aðföngum	<b>Inn/út vigtun</b>		Grunnstaða 100	50% bætt nýting
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Innkaup verði sundurliðuð eftir mismunandi kostnaðarstöðum				2022	2025
B1.2	Afurðum sem falla til í kennslu verði komið í verð eða í notkun mötuneytis				2022	2025
B1.3	Að mötuneyti nemenda og starfsfólks nýti það hráefni sem fellur til í kennslu matvælagreina				2022	2025
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2021	Viðmið 2023	Viðmið 2025
B2	<b>Endurmat vinnumats í verklegum áföngum</b>	<b>Fjöldi vinnustunda nemenda</b>	<b>Verkefni - tímamælingar í kennslu - könnun meðal nemenda</b>	<b>Grunur um rangt samhengi milli eininga og vinnustunda</b>	<b>Rétt mat</b>	<b>Rétt mat</b>

		Rekstrarkostnaður í verklegri kennslu minnkar				
		Samhengi milli eininga og vinnustunda nemenda verður rétt				
<b>Nr.</b>	<b>Verkefni/aðgerðir</b>				<b>Upphaf</b>	<b>Endir</b>
B2.1	Könnun meðal nemenda í verklegum áföngum um álag og vinnuframlag á hverri önn				2023	2024
B2.2	Endurskoðun vinnumats/áfangalýsinga/námskrár				2023	2024
B2.3						
<b>Nr.</b>	<b>Markmið</b>	<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn til grundvallar</b>	<b>Staðan 2021</b>	<b>Viðmið 2023</b>	<b>Viðmið 2025</b>
B3	Að draga úr orkunotkun (heitt vatn og raforka) á grundvelli umhverfis- og rekstrarsjónarmiða	Heitavatnsnotkun	Orkureikningur	7.254.465 kr/ár	- 5%	- 8%
		Raforkunotkun	Orkureikningur	13.042.572 kr/ár	-10 %	- 10%
<b>Nr.</b>	<b>Verkefni/aðgerðir</b>				<b>Upphaf</b>	<b>Endir</b>
B3.1	Fjölga mælum á heitu vatni til að kortleggja notkun				Vor 2022	-
B3.2	Slökkva ljós, slökkva á tölvum, skjám, skávörpum og ofnum í eldhúsum og bakaríum				Vor 2022	-
B3.3	Skipta yfir í lead lýsingu				2022	2025



## Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

### Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar eru engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

### Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

### Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

**HM** er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

### Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

### Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá

## Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

### Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

### Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

### Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

### Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.